

Ágæti félagsmaður,

Sauðfjársláturtíð

Sauðfjársláturtíð er lokið og gekk heilt yfir vel. Það sem einkum truflaði var of lítil aðsókn í upphafi slátrunar, þrátt fyrir hækkun yfirborgana, og of mikið álag síðustu 3 sláturvikurnar.

Það þarf að ná betri árangri í að ær komi með lömbum í september til að létta á síðustu vikunum.

Breytingar frá fyrra ári á fláningslínu skiluðu mjög góðu svo og hagræði í eigin ísframleiðslu.

Sjá nánar hér á eftir um ýmsa aðra þætti í sauðfjárslátrun í haust.

Ný afurðastöð SS


Í fréttabréfum og á fundum félagsins hefur verið kynnt að verið væri að undirbúa endurbyggingu á stórgripasláturhúsi félagsins sem er hluti af stöðinni á Fossnesi. Fyrir liggja drög að slíkri hönnun.

Einnig hefur komið fram að félagið væri að skoða land eða lóð fyrir byggingu nýrrar stöðvar til lengri framtíðar.

Það er æði margt sem kemur til álita ef byggja á stöð á nýjum stað. Nefna má aðgang að heitu og köldu vatni, frárennismál, flóðahættu, sprungusvæði, fjarlægð frá þéttbýli vegna ferða starfsfólks auk þess sem reikna má með löngum tíma fyrir umhverfismat á nýjum stað.

SS hefur af skynsemi keypt stórar lóðir við stöðina á Fossnesi og sameinað þær allar í eina iðnaðarlóð sem er 9,8 ha að stærð. Til umráða er því mjög stór lóð sem hefur allt það sem ný starfsstöð þarf á að halda. Auk

þess á félagið íbúðarlóð við Ölfusá sem er 1,1 ha að stærð.



Iðnaðarlóðin er fjólublá og íbúðarlóðin græn. Núverandi byggingar sjást fyrir miðri mynd.

Eftir frumskoðun á endurbyggingu stórgripasláturhúss hefur verið fallið frá því þar sem óhagkvæmt er að endurbyggja gamalt hús og nauðsynleg hagræðing næst ekki að fullu fram með þeim hætti. Auk þess sem eftir sætu aðrir hlutar stöðvarinnar.

Fjármunum félagsins er betur varið í byggingu nýrrar stöðvar frá grunni sem gefur mikla hagræðingarmöguleika með sameiginlegum deildum fyrir innmat og gorklefa. Fullri nýtingu á öllum afurðum sem má hirða. Miklu betri orkunýtingu og betri þjónustu við bændur og viðskiptavini.

Í slíkri stöð er m.a. reiknað með sameiginlegri búvöruverslun og slátrara-verslun þar sem bændur og neytendur geta keypt kjöt sem er almennt ekki til sölu í verslunum. Svo sem læri og hryggi af bestu dilkaskrokkunum (U3, 3+ og E3, 3+). Hálfir og heilir skrokkar af bestu flokkum dilkakjöts, heilir nautavöðvar og fjórðungar af völdum nautaskrokkum ofl. En þess



verður að gæta að sem minnst skörun verði við sölu á kjöti sem bændur selja úr heimtöku.

Reikna má með að ítarleg þarfagreining og hönnun taki a.m.k. eitt ár og 5-6 ár líði uns svona stóru verkefni verður lokið. Endanleg samþykkt stjórnar félagsins ræður umfangi verkefnisins.

Sláturáætlun haustsins 2024

SS hefur leitast til þess að gefa út með löngum fyrirvara sláturáætlun næsta hausts og yfirborganir svo bændur getið metið, eftir aðstæðum hvers og eins, hvenær borgar sig að leggja inn. Fyrir þá sem geta þá er verulegur ávinningur í að slátra snemma og njóta yfirborgana sem þá eru.

Sláturáætlun næsta haust liggur fyrir og er eftirfarandi (sést betur ef skjalið er stækkað):

2024	9.000	12.600	13.000	13.000	13.000	13.000	10.800	Samtals
Slátrun/vika:	9,000	12,600	13,000	13,000	13,000	13,000	10,800	97,000
Vika:	37	39	40	41	42	43	44	
Dagur:	10-13 sept.	16-20 sept.	23-27 sept.	30-4 okt.	7-11 okt.	14-18 okt.	21-25 okt.	28-31 okt.
Verðhlutfall dilka:	119.0%	114.0%	108.0%	102.0%	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%
Verðhlutfall fullorðið:	110%	110%	105%	105%	100%	100%	100%	100%

Sjá einnig á vef félagsins:

<https://www.ss.is/verdhluftoll-og-slaturaaetlun-saudfjar-2024/>

Slátrun hefst næsta haust þriðjudaginn 10. september og lýkur fimmtudaginn 31. október.

Yfirborganir eru hækkaðar milli ára og bætt við yfirborgun í viku 40 sem ekki hefur verið áður. Jafnframt er sett yfirborgun á ær fyrstu fjórar sláturvikurnar til að stuðla að jafnari ærslátrun.

M.v. sláturáætlun þá er vægi yfirborgana jafngildi um 4,9% álags á allt innlegg dilka.

Hvert stefnir kindakjötsframleiðslan ?

Í 3. tbl. fréttabréfs SS í nóvember 2022 var fjallað um þróun í framleiðslu og vangaveltur um hvert stefnir. Nú liggja fyrir gögn um slátrun haustsins og því hægt að uppfæra gögnin.

Í eftirfarandi töflu má sjá slátrun landsins síðan 2012 og hlutfall fullorðins fjár af heildarslátrun ár hvert. Það virðist mega draga þá ályktun að ef slátrun fullorðins fjár er meiri en rúm 9% af heildarslátrun þá er samdráttur árið á eftir. Samdráttur í framleiðslu mun því halda áfram.

Ár	Dilkar	Fullorðið	Samtals	Hlutfall fullorðið
2012	537,327	45,991	583,318	7.9%
2013	541,880	48,771	590,651	8.3%
2014	547,310	46,415	593,725	7.8%
2015	544,708	55,401	600,109	9.2%
2016	555,617	42,356	597,973	7.1%
2017	560,563	55,199	615,762	9.0%
2018	542,113	58,395	600,508	9.7%
2019	507,165	56,275	563,440	10.0%
2020	485,701	50,948	536,649	9.5%
2021	465,324	50,660	515,984	9.8%
2022	446,164	50,674	496,838	10.2%
2023	418,202	46,701	464,903	10.0%
2024	399,832	44,500	444,332	10.0%

Áætlun um framleiðslu næsta árs er reiknuð út frá því að 2% minni minnkun verði í dilkaslátrun frá 2023 til 2024 en var frá 2022 til 2023. Það er vegna þess að slátrun á fullorðnu minnkar aðeins á milli ára og vonandi verða ekki meiri áföll vegna riðu. Áætluð er sama hlutfallsleg slátrun á fullorðnu milli ára.

Fróðlegt er að bera saman tölur SS við landið í heild og sést hér fyrir árin 2018-2023:



Ár	Dilkar	Fullorðið	Samtals	Hlutfall fullorðið	SS Dilkar	SS Fullorðið	Samtals	Hlutfall fullorðið
2018	542,113	58,395	600,508	9.7%	97,575	12,240	109,815	11.1%
2019	507,165	56,275	563,440	10.0%	99,457	11,246	110,703	10.2%
2020	485,701	50,948	536,649	9.5%	97,407	10,391	107,798	9.6%
2021	465,324	50,660	515,984	9.8%	94,906	11,589	106,495	10.9%
2022	446,164	50,674	496,838	10.2%	89,019	10,705	99,724	10.7%
2023	418,202	46,701	464,903	10.0%	87,117	10,620	97,737	10.9%

Sjá má að öll árin þá er hlutfall fullorðins í slátrun hærra hjá SS en meðaltal landsins sem bendir þá til þess að samdráttur í sauðfjárrækt sé meiri á innleggssvæði SS en á landinu í heild. Nýir innleggjendur, sem komið hafa til félagsins, hafa hjálpað SS að halda uppi sláturfjölda.

Fækkun í sauðfjárslátrun frá 2018 til 2023 er um 136 þús kindur en aðeins hefur fækkað um eitt lítið sláturhús. Það eru allt of mörg sauðfjársláturhús í rekstri með tilheyrandi of háum sláturkostnaði. Það hefur verið áætlað að ef öllu væri slátrað í þremur sláturhúsum mætti lækka sláturkostnað um 70-100 kr/kg sem gerir m.v. 70 kr/kg og 8 þús tn slátrun um 560 mkr/ári.

Kjötmat haustsins og síðustu ára

Kjötmat á að vera hlutlaus mælikvarði á gæði þeirra vöru sem bændur afhenda. Matið heyrir undir MAST og er SS eða öðrum óheimilt að hafa nokkur afskipti af framkvæmd kjötmats annað en að aðstoða og eftir atvikum óska eftir eftirliti Yfirkjötmats til að tryggja samræmt kjötmat.

Fallþyngd dilka var með allra hæsta mótí í haust sem skilaði sér í betri gerð skrokka. Sex ára yfirlit sést fyrir neðan:

Ár	Landið Mþyngd	Landið Gerð	Landið Fita	SS Mþyngd	SS Gerð	SS Fita
2018	16.6	8.99	6.38	16.3	8.89	6.24
2019	16.5	9.04	6.29	16.6	8.90	6.28
2020	16.9	9.27	6.50	16.5	8.87	6.41
2021	17.4	9.43	6.60	17.3	9.18	6.64
2022	16.6	9.32	6.31	16.7	9.19	6.40
2023	17.2	9.58	6.60	17.4	9.63	6.53

Það er athyglisvert að stígandi er í einkunn fyrir gerð á hverju ári frá 2018 með undantekningu árið 2022 er lömb voru rýrari eins og fallþyngd sýnir. Þetta er vitnisburður um frábæran árangur bænda í ræktun. Framleiðsla á Íslandi á hverja ásetta á er að nálgast 30 kg/ári sem er með því hæsta í heiminum.

Einkunn fyrir gerð hjá SS í haust var yfir landsmeðaltali sem er eðlilegt þar sem fallþyngd hjá SS var meiri en landsmeðaltal. Í heild er ekki annað séð en samræmi hafi verið í matinu í haust.

Verðlækkun á kúafóðri og áburði

SS lækkaði verð á gæða kúafóðri frá Dlg í september síðastliðinn og kynnti að verði myndi ekki hækka til loka júlí 2024. Mest selda kúablandan, SS-16, lækkaði um 10% og kostar eftir verðlækkunina með 7% afslætti m.v. magnsamning 92.284,-/tn auk vsk.



Áburður lækkaði á heimsmarkaði á fyrri hluta ársins en er byrjaður að hækka aftur. SS nýtur þess að eiga stórar vöruskemmur fyrir áburð og getur því keypt áburð, er verðið er hagstætt, og geymt við bestu skilyrði fram að vertíð. Endanlegt verð næstu vertíðar liggur ekki fyrir og ræðst meðal annars af gengi íslensku krónunnar.

Verðskrá verður kynnt og sala hefst tímanlega fyrir næstu áramót.



Sjá nánar á:

<https://www.buvorur.is>

Kyngreint nautgripasæði

Kyngreining á nautgripasæði hefur verið til umræðu um skeið. M.v. fyrirbyggjandi upplýsingar þá gefur kyngreint sæði mestu möguleika á hagræðingu í framleiðslu á gæða nautakjöti sem lengi hafa sést auk þess að auka tekjur kúabænda.

Í fáum orðum þá fellst hagræðingin í því að kúabú sem væri t.d. með 50 mjólkandi kúr þarf ekki að sæða nema um 17 kúr á ári með kvígukálfasæði til að viðhalda kúastofninum (m.v. að hver kúr sé nýtt í þrjú mjaltarskeið). Í stað þess að hinir 33 kálfarnir séu ýmist kvígur eða nautkálfar, sem eru lítils virði, þá er hægt að sæða 33 kúr með nautkálfasæði af holdakyni og fá þannig verðmæta holdablendingskálfa hvort sem þeir eru svo aldir af kúabóndanum eða seldir þeim sem sérhæfa sig í framleiðslu á nautakjöti.

Kyngreining á sæði hefur verið stunduð í Danmörku frá árinu 2007 og tæknin því vel þekkt.

SS telur kyngreiningu á sæði mikilvægt framfaraspor og er tilbúið að styrkja verkefnið fjárhagslega.

Staðan á kjötmarkaði

Nýjustu upplýsingar um framleiðslu og sölu til loka september liggja fyrir í Mælaborði

landbúnaðarins. Yfir 12 mánuði er tæp 3% minnkun í framleiðslu svínakjöts en tæp 13% minnkun í framleiðslu kindakjöts. Aukning var í framleiðslu annarra kjötgreina.

Sala dróst saman í öllum kjötgreinum, nema alifugla- og hrossakjöti. Mestur samdráttur var rúm 9% í kindakjöti yfir 12 mánaða tímabil. Í september var samdráttur mikill, um 37%, en þar hefur áhrif að lítið framboð var af kindakjöti í byrjun september vegna lágra birgða víða um land. Einnig má reikna með að verðhækkun hafi haft neikvæð áhrif á sölu en marktækara verður að draga ályktanir um það er sala október og nóvember liggur fyrir.

Afurð	1 mán	3 mán	12 mán	Δ % 1 mán	Δ % 3 mán	Δ % 12 mán
Alifuglakjöt	853,090	2,555,800	9,709,901	0.9 %	3.7 %	3.1 %
Hrossakjöt	79,936	170,431	936,958	-24.8 %	-11.3 %	7.8 %
Kindakjöt	3,777,552	3,788,088	8,274,690	-8.8 %	-9.4 %	-12.5 %
Nautgripakjöt	425,021	1,203,267	4,908,457	11.0 %	4.7 %	0.6 %
Svínakjöt	475,551	1,441,841	6,261,214	-15.5 %	-12.3 %	-2.6 %
Samtals	5,611,150	9,159,427	30,091,220	-7.1 %	-4.9 %	-3.1 %


Framleiðsla til loka september 2023

Afurð	1 mán	3 mán	12 mán	Δ % 1 mán	Δ % 3 mán	Δ % 12 mán
Alifuglakjöt	832,031	2,469,153	9,420,336	0.1 %	3.3 %	3.4 %
Hrossakjöt	51,652	92,459	584,246	-0.2 %	-26.8 %	6.1 %
Kindakjöt	613,582	1,292,233	6,577,493	-37.5 %	-31.6 %	-9.4 %
Nautgripakjöt	405,671	1,177,000	4,793,501	8.5 %	2.3 %	-1.9 %
Svínakjöt	475,513	1,441,224	6,260,083	-15.5 %	-12.3 %	-2.6 %
Samtals	2,378,449	6,472,069	27,635,660	-15.1 %	-10.1 %	-2.1 %

Sala til loka september 2023

Upplýsingar um innflutning berast síðar en upplýsingar um framleiðslu og sölu innlands kjöts. Því verður að skoða eldri tímabil við mat á hlutfalli innflutnings.

Eftirfarandi stöplarit sýnir hlutfall innflutts kjöts af heildarsölu hvernar kjötgreinir yfir tímabilið september 2022 til og með ágúst 2023. Sjá má að 13% af heildarmarkaði alifugla er innflutt kjöt, 30% af nautgripakjöti og 27% af svínakjöti. Óverulegt magn hefur verið flutt inn af kindakjöti.



Hlutfall innflutnings af heildarsölu sepi '22-ágúst '23

Nokkur hluti innflutnings er umfram kvóta. Aðflutningsgjöld á þeim hluta eru of lág eftir 40% lækkun árið 2007 sem setur skorður á verðmyndun innlands kjöts.

Vöruþróun & nýjungar

Vöruþróunarhópur SS vinnur ötullega að þróun nýrra vara til að mæta óskum neytenda.

Nýjasta varan, sem fer á smásöluverkað í nóvember, er viðbót við 1944 línu tilbúinna rétta. Ljúffengar nautapynnur í rauðvínssösu, að frönskum hætti, sem þurfa aðeins 12 mínútna hitun í bakarofni.



Nautapynnur í rauðvínssösu eru úrvalsmatur

Starfsfólkið á bak við SS

Gunnar Grétar Gunnarsson hóf störf hjá félaginu árið 1989 sem deildarstjóri Vörumiðstöðvar (deild innfluttra matvara hjá SS) og hefur gengt því starfi síðan.

Á starfstíma Gunnars hafa umsvif Vörumiðstöðvar aukist mikið enda félagið að vinna með mörgum leiðandi erlendum aðilum. Nefna má Mars, Barilla, Mutti og McCormick. Það eru mikil meðmæli með starfsfólki SS að hafa traust þessara aðila.

Áhugamál Gunnar eru mörg. Hann er vel liðtækur í golfi, er lagtækur smiður og endurbyggði bíla. Nú eru hjólreiðar og gönguskíði helstu áhugamálin svo og samvera með fjölskyldunni,

Gunnar er einn af um 350 starfsmönnum sem SS byggir á.



Gunnar G. Gunnarsson deildarstjóri VM. Bak við Gunnar er skrifborð og skápar frá árinu 1907, sem fyrsti forstjóri félagsins Hannes Thorarensen notaði, og stimpilklukka af gömlu gerðinni.

Með kveðju,
Sláturfélag Suðurlands svf.

Steinþór Skúlason